

**Ed.**

## **594. Nefndarálit**

um frv. til laga um yfirstjórn nokkurra rikiseigna í Ölfusi.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað mál þetta og verið í nokkrum vafa um, hvort rétt væri að skipa með lögum yfirstjórn yfir jarðeignir ríkisins í Ölfusi á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Í því sambandi hefir nefndin kynnt sér skoðun nokkurra manna, sem sérþekkingu hafa til að bera um þetta mál. Meðal annars hefir nefndin fengið ýtarlega skýrslu frá Sigurði Sigurðssyni búnaðarmálastjóra um framtíðarskilyrði á þessum jörðum ríkisins. Að öllu athuguðu telur nefndin rétt, að sérstök nefnd hafi stjórn og eftirlit með starfrækslu á þessum jörðum, og getur eftir atvikum fallizt á, að nefnd þeirri, sem ætluð er yfirstjórn sjúkrahúsa, sé falið þetta. Þá fellst nefndin á breytingartillögu á þskj. 422 og tekur hana upp í sínar brtt.

Þá vill nefndin flytja viðbótartillögu við 3. gr., auk 2. breytingartillögu á þskj. 422, sem nefndin tekur einnig upp. Nefndin er á þeirri skoðun, að ekki sé rétt að taka eignarnámi þau lönd og mannvirki, sem nú hafa verið leigð úr landi þessara jarða, nema mjög brýn ástæða sé fyrir hendi, og telur rétt, að núverandi leigjendur geti haldið áfram þeirri starfrækslu, sem þeir eru byrjaðir á, ef þeir óska. Hinsvegar sé þeim óheimilt að selja öðrum þau réttindi, er þeir hafa öðlazt til landsins, eða þau verðmæti eða mannvirki, sem þeir hafa komið á.

Nefndin var ásátt um að láta fylgja umsögn Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra sem fylgiskjal.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

### **BREYTINGUM.**

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:

Yfirstjórn sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana gerir yfirlit um framtíðarnotkun þessara jarðeigna og hverjar almannastofnanir skuli vera þar. Jafnframt er ráðherra heimilt, með leyfi yfirstjórnar sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana ríkisins, að leigja af því landi og jarðhita, sem eigi er ráðstafað samkv. 1. málslíð, bæjarfélögum og allsherjarsamtökum verkamanna og samvinnufélaga fyrir meðlimi félagssamtakanna eða íhúa hletaðeigandi kaupstaða, til að reisa þar sumarbústaði og koma fyrir nauðsynlegum leikvöllum fyrir þá, sem dvelja þar sér til heilsubótar og hressingar.

2. Við 3. gr.

- a. Á eftir orðinu „Reykjakots“ kemur: eftir að ríkið keypti þessar eignir.
- b. Aftan við greinina bætist: Þó getur nefndin, ef ekki þarf á hinu leigða landi að halda, ákveðið að láta leiguliða halda leiguréttindum sínum,

meðan hann sjálfur notar það og yrkir, en ekki er honum heimilt að selja það öðrum.

Alþingi, 27. nóv. 1934.

Sigurjón Á. Ólafsson,  
form., frsm.

Ingvar Pálmason,  
fundaskr.

### Fylgiskjal.

#### **Reykjatorfan í Ölfusi.**

Hin virðulega allsherjarnefnd í efri deild Alþingis hefir óskað, að ég gæfi nokkrar upplýsingar viðvíkjandi jarðeignum ríkisins á Reykjum í Ölfusi, og fara þær hér á eftir.

**Reykjatorfa** nefnast jarðirnar Reykjakot, Reykir, Reykjahjáleiga, Kross og Vellir. Fasteignamat þessara jarða samkvæmt fasteignamatinu 1932 er:

Landverð .....	kr. 35500.00
Húsaverð .....	— 14200.00
Samtals	kr. 49700.00

**Legja jarðanna.** Hinar nefndu jarðir mynda samfellda landspildu, sem liggur í miðju Ölfusi, norðan og austan Varmár. Um landstærð jarðanna er eigi vitað, enda landamerki á sumum stöðum óglögg og valda ágreiningi. Að tilhlutun stjórnarráðsins var allt ræktanlegt land Reykjatorfunnar mælt í sumar. En úr þeim mælingum er eigi búið að vinna, svo eigi verður sagt nema eftir ágizkun, hve hið ræktanlega land er stórt, en ætla má, að það sé um 400—500 ha., og liggur meginhluti af þessu landi með Varmá neðan Reykja og í kringum Kross og Velli. Nokkurt ræktanlegt land er og í daladrögum og hliðum kringum Reykjakot og milli Reykjakots og Reykja.

Meginhlutinn af landi Reykjatorfunnar, eða um  $\frac{2}{3}$ — $\frac{3}{4}$ , eru fjöll og firnindi. Á nokkrum stöðum eru þar þó sæmilegir hagar.

**Jarðvegur.** Hið ræktanlega land Reykjatorfunnar er annað tveggja mólendi eða mýrar.

Mólendið liggur að mestu í hliðunum eða daladrögunum. Það er víða grýtt eða blandað með hverahrúðri. Þetta er þéttur jarðvegur, sem þarf mikinn áburð og góða vinnslu til að komast í rækt. Efnagreiningar eru fáar til.

Mýrarnar ligga að mestu fyrir neðan Reyki. Aðalspildan milli Reykjahjáleigu og Kross og Valla, svo og fyrir neðan þær jarðir. Mest af mýrunum er vel fallið til ræktunar, en nokkuð sem áveituengjar.

**Veðráttá.** Mikill hluti af landi Reykjatorfunnar blasir mót suðri og er umlukt af fjöllum. Maður skyldi því ætla, að veðráttá væri hin bezta, en svo er eigi. Ef dregur til skúra á Suðurlandsundirlendinu, koma þeir oftast nær fyrst í Ölfusið. Úrkoma er þar geysimikil. Norðannæðingar eru tíðir og oft hvasst, eink-

um með fjöllumum. Hinsvegar koma ár hvert nokkrir dagar, þá veðurbliða er hin mesta. Veðurathuganir vantar í Ölfusi.

Frá jarðræktarlegu sjónarmiði, og ef eigi er tekið tillit til jarðhitans, eru jarðir Reykjatorfunnar engar kostjarðir. Þær eru í þessu tilliti líkt og gerist og gengur með jarðir til og frá.

**Jarðhitinn.** Aðalkostir þessara jarðeigna er jarðhitinn, og hans vegna eru jarðirnar keyptar dýru verði. Þorkell Þorkelsson veðurstofustjóri hefir rannsakað hvergi og laugar á þessu svæði. Hann telur tölu hvera og lauga vera þar 103, og eru þá eigi talin öll smáaugu, sem eru í námunda við hina aðra hvergi. Hverirnir og laugarnar liggja aðallega fyrir ofan Reyki í dalhlíð þeirri, er liggur upp frá bænum, svo og við Reykjakot og uppi í fjöllumum.

Vatnsmagn allra hveranna er talið 20,97 lítrar pr. sekúndu og meðalhitinn 90,9° C. Til samanburðar má geta þess, að vatnsmagn lauganna á Reykjum í Mosfellssveit er talið 100 lítrar pr. sek. og meðalhiti um 80° C. Við borun þá, sem þar hefir farið fram undanfarið, hefir vatnsmagnið aukizi um 47 l. pr. sek. og hiti þess vatns er 84° C. Dýpt borholanna er allt að 250 m.

Vatnsmagn hveranna í Reykjahverfi í Þingeyjarsýslu er talið 70 l. pr. sek. og hitinn nær 100° C.

Þótt vatnsmagn í hverum og laugum á Reykjum sé lítið, eru þó líkur til, að þar sé mikill jarðhiti í jörðu, því á Reykjum eru margir loft- og gufulhverir. Við jarðboranir myndi því mega auka mikið það hitamagn, sem þarna yrði til umráða. Kæmi þá til greina notkun hitans einnig til aflframleiðslu, svo sem tíðkast í Ameríku og Ítalíu.

Ríkið á jarðbor, sem hefir verið keyptur dýrum dómum. Sá bor liggur nú norður á Akureyri og er ekkert aðhafzt með honum. Væri eigi réttmætt, að borinn yrði fluttur suður og rannsóknarboranir byrjaðar á Reykjum?

**Jarðskjálftahætta.** Þá talað er um framtíðaráætlanir og stórfelldar umbætur á Reykjatorfunni, verður að rannsaka gaumgæfilega allar ástæður og möguleika. Framhjá jarðskjálftahættunni verður eigi heldur gengið, því Ölfusið er eitt það svæði, þar sem mest tjón hefir hlotizi af jarðskjálftum, og skulu hér tilfærð nokkur dæmi eftir ritum Þorvaldar Thoroddsen:

1546. Landskjálftar, mestir í Ölfusi. Hrundu þar víða bæir og hús.

1578. Hrundu bæir í Ölfusi af jarðskjálfta.

1597. „ . . . . Sama vor, eftir Heklugosið, varð landskjálfti og hrundu margir bæir í Ölfusi, í þeim landskjálfta hrapaði niður í grunn bærinn á Hjalla í Ölfusi. Þá hvarf og stóri hverinn Geysir í Hveragerði fyrir sunnan Reyki og kom upp aftur annar hver fyrir ofan túnið á Reykjum, sem er í dag og gýs mjög, þó eigi sem hinn sá stóri hafði áður gosið, því um veginn hafði ei óhætt verið að ferðast, sem lá mjög nærri honum, svo sem enn má sjá vöxt og merki til, því þar er enn hverastæðið eftir vítt með velli vatni, og er þar langur vegur á milli, sem sá Geysir er, sem nú hefir síðan verið og áin á milli.

1633. Landskjálftar syðra, hrundu bæir í Ölfusi.

1706. . . . . en mest kvað þó að jarðskjálftunum 20. apríl, þá hrundu 24 lögbyli um Ölfus og utarlega í Flóa og margar hjáleigur.

1749. Þá varð allmikill jarðskjálfti á Suðurlandi og mestur um Ölfus, hús-

um lá við hrúni og á bænum Hjalla er mælt, að grundvöllur undir bæ og kirkju hafi sigið fullar 2 álnir.

1752. Landskjálftar voru þann vetur í Ölfusi og hrundu 11 bæir. Aðrir segja 12 bæir og ein kirkja.

1784. Miklir jarðskjálftar, þá hrundu 29 bæjarhús til grunna í Reykjasókn í Ölfusi.

1789. Miklir jarðskjálftar í Árnessýslu. Þá urðu breytingar á hverunum í Ölfusi, og hrundu 2 bæir.

1896. Um þessa jarðskjálfta er ýtarleg lýsing. Meðal annars segir svo:

„. . . . var Suðurlandsundirlendið þá á sífelldu ruggi og titringi og komu kippir á milli, sem flestir voru smáir, langharðasti kippurinn kom kl. 2 um nóttina, var hann allsnarpur víðast hvar í suðursveitum, en hvergi eins voðalegur eins og í Ölfusi, þar gerði hann meira tjón en nokkur hinna, sem undan voru gengnir. Í Ölfusi féllu í þessum kipp 24 bæir til grunna eða því næst, en 20 urðu fyrir skemmdum. . . .“ Síra Ólafur Ólafsson í Arnarbæli segir svo frá: „Óttinn og hörnungin varð enn meiri fyrir það, að svartamyrkur var og blindþoka. Ölfusá ruddist fram með ógurlegum ofsa, varð flóðbylgjan í henni, eftir því sem næst verður komizt, um 16 feta há. Hugðum vér, sem við hana búum, að hún væri að koma yfir oss ginandi og mundi sópa öllu burtu, sem lífs hefði sloppið úr jarðskjálftanum. Dunurnar og brestirnir í jörðunni bergmáluðu úr einum fjallshnúk í annan, svo sumstaðar heyrðist ekki manns mál, og alla nóttina var sem jörðin léki á þræði. Fólkið stóð úti um jörðina í hópum, lostið ótta og skelfingu og fól sig guði, þráðu menn þá eigi annað meira en birta tæki af degi. Má það furða heita, að ístöðulítið kvenfólk missti ekki vitið“. . . . Varmá óx ógurlega og var líka næsta dag mikið vatn úr henni uppi um alla bakka. Bakkar Varmár voru víða eins og þeir hefðu verið stungnir upp með reku og víða mynduðust í bökkunum fram með ánni smáholur, fet að þvermáli, er gubhuðu úr sér vatni, næsta sumar var allt komið í samt lag. Í mýrum varð einuig svo mikið umrót í dýjum, að mosatorfur köstuðust upp úr þeim. Bæirnir upp með fjöllunum austanvert í Ölfusi urðu yfirleitt ekki eins illa útleiknir eins og þeir, sem á sléttunni voru, Reykir skemmdust töluvert, Reykjakot miklu minna. . . . Dimmt var um nóttina af þokusvækju og eftir skaðræðiskippinn heyrðist um alla byggðina í 1½ klukkustund ógurlegur niður og þytur eins og mesta fossfall, voru menn hræddir um, að eldur væri kominn upp, en fyrir austan Varmá héldu sumir, að sjórin væri að hrjótast inn á sléttlendið. Í fyrstu var þyturinn að heyra úr Bæjarþorpi eins og org í gufuskipspípu með ógurlegum hvinum. Ólæti þessi voru öll að kenna hinum mikla hver, sem myndaðist í kippunum ofan við Hveragerði. Næsta morgun, þegar hirti, sáu menn, að reykjarmökkurinn stóð upp úr hvernum jafnhátt Reykjafjalli og innan í mökknum sýndust gufustrókar spýttast upp og niður. . . .“ Í Arnarbælisprestakalli er talið, að gerfallið hafi í þessum jarðskjálftum 183 hæjarhús og 198 peningshús.

Hér eru aðeins nefnd nokkur dæmi, en ýtarlegar lýsingar af þessu má sjá í ritum Þorvaldar Thoroddsens o. fl.

Nú hefi ég í nokkrum atriðum lýst Reykjatorfunni, svo sem hún kemur mér fyrir sjónir, óræktuð og óbyggð að heita má. Hér felast miklir umbótamöguleikar, sem í öllum jörðum á landi voru. Jarðhitinn hér er þó mest verður. Að beizla hann og hagnýta eru framtíðardraumar, oráðnir, sem ríkið þarf að láta rannsaka og leiða inn á þær brautir, sem til hagsmuna horfa. Á Reykjum hafa verið gerðar byrjunartilraunir í þessa átt, sem þó enn að vonum eru fálm eitt, og skal nú að þessum umbótum vikið.

**Umbætur á Reykjum.** Síðan ríkið eignaðist Reykjatorfuna hefir verið reistur þar spítali, íbúðarhús, byggðir gróðrarskálar og framkvæmd nokkur ræktun. Reikningar um stofnkostnað þessara umbóta, svo og um rekstur þeirra, eru óglöggir, svo eigi verður séð með vissu, hve mikið fé ríkið hefir lagt hér af mörkum, enda mun það vera fært á fleiri liði í fjárlögum. Allar umbætur á Reykjum munu vart hafa kostað minna en kr. 150--200 þúsundir.

Þessar umbætur eru aðallega:

Hús hafa verið byggð, sem að rúmmáli eru 1642 m<sup>3</sup>.

Gróðrarskálar hafa verið byggðir, sem að flatarmáli eru um 700 m<sup>2</sup>.

Húsin og gróðrarskálarnir eru öll hituð upp með vatni frá Litla-Geysi. Vatnsmagn hans er 1,9 l. pr. sek. Frá þessum leiðslum eru og hitaðir upp sumarbrústaðir, teningsmál þeirra er 464 m<sup>3</sup>.

Mistök hafa, sem vonlegt er, orðið með þessar hitaleiðslur. Í fyrri þurfti að gera miklar breytingar á þeim, sem kostuðu mikið fé. Hitamagn Litla-Geysis er eigi enn að fullu notað, og má af þessu sjá, að á Reykjum er að ræða um mikið hitamagn, ef allt væri haganlega notað.

Á Reykjum er talið, að unnið hafi verið að jarðabótum þessi árin 1712 dagsverk.

Mælingar á hinu ræktaða landi eru eigi fyrir hendi. Láta mun nærri, að túnið sé 10—12 ha. og garðar um 2 ha. Síðastliðið sumar var heyaflinn um 600 hestar taða, jarðepli um 100 tn. og rófur um 60 tn. Auk þessa var ræktað mikið af ýmsum káltegundum og öðrum garðjurtum.

Af þessu er ljóst, að byrjunin er aðeins hafin til að hagnýta möguleika þá, sem felast í jörðinni.

Með þessum byrjunartilraunum er eigi hafin nein stefna eða stefnt að neinu markmiði. Allt ber vott um fálm, sem eðlilegt er á byrjunarstigi. Húsin óreglulega sett og öll framleiðsla án ákveðins markmiðs.

**Umbótamöguleikar.** Ríkið hefir keypt Reykjatorfuna dýru verði. Spurning er, verður þetta verðmæti rentað, svo að til gagns og heilla sé fyrir þjóðina, og hverra umbóta er þörf, svo að þetta komi að notum?

Sem sakir standa er hér hvorki um þjóðarheill eða rentur af útlögðu fé að ræða.

Það, sem hér virðist geta komið til greina, er cinkum:

Ríkisbúskapur á Reykjatorfunni.

Nýbýlastofnun.

Garðyrkjubú eða garðyrkjuskóli.

Spítalar.

Sumarbústaðir.  
Hótel.  
Aflnotkun hveranna.  
Verksmiðjurekstur.

Um hvert þessara atriða skal farið nokkrum orðum:

**Ríkisbúskapur.** Á honum er byrjað á Reykjum. Þar er kúabú (12—14 kýr) og garðyrkja allmikil. Hugmyndin mun hafa verið, að þetta væri einskonar spítalabú, líkt og á Vífilsstöðum og Kleppi, og átti þetta að vera útibú frá landsspítalanum, sem var látinn leggja fé í það. Frá garðræktarlegu sjónarmiði var þetta gott og blessað, en með mjólkina var nokkuð önnur afstaða. Á Vífilsstöðum og Kleppi hafa menn þurft að kaupa mjólkina á undanfórnum árum fyrir 40—70 aura lítrann, en bændur í Ölfusinu munu vera boðnir og búnir að selja 1 litra mjólkur á 20 aura þar á staðnum. Ríkisbú með mjólkurframleiðslu verður því að skoða sem keppinaut bændanna í Ölfusi, sem rýri þeirra möguleika til mjólkursölu. Hinsvegar eru möguleikar til að hafa á Reykjatorfunni stórt kúabú, ef allar jarðirnar yrðu lagðar undir. Sumar þeirra eru að visu í áhúð sem stendur, en eignarnám á þeim réttindum mun mögulegt, ef almenningsheill krefur. Ef allt land Reykjatorfunnar væri ræktað, myndi mega hafa þar 200—300 mjólkurkúr. En stofnkostnaður ræktunar, bygginga og bústofns myndi nema, sem nú standa sakir, um  $\frac{1}{2}$  milljón króna. Vér sjáum því eigi ástæðu til, sem nú standa sakir, að ráða til, að lagt sé út á þessa braut.

**Nýbýlastofnun.** Að leigja land Reykjatorfunnar til nýbýlastofnunar gæti komið til mála. Þar mætti stofna nýbýlahverfi með 20—30 nýbýlum. Möguleikar til upphitunar á þessum býlum væru með hveravatni, og í Varmá myndi mega búa til aflstöð, er nægði þessum býlum til ljósa og suðu. Hér gæti því verið um sjálfstætt nýbýlahverfi að ræða. Ræktunarskilyrðin væru sæmileg, einkum hvað garðyrkju og gróðrarskálærækt snertir, svo og afstaða til markaðar. Á þennan hátt hyggjum vér, að ræktunarskilyrði á Reykjatorfunni yrðu bezt almenningi að notum.

**Garðyrkjubú eða garðyrkjuskóli.** Vér hyggjum réttmætt, að ríkið hafi á Reykjum garðyrkjubú eða garðyrkjuskóla, og í sambandi við þetta ýmiskonar tilraunir með gróðrarskálærækt og garðyrkju. Ástæður til þessa skal nú greina. Á Reykjum hafa verið reistir allmiklir gróðrarskálær, sem þegar hefir verið greint frá. Forstaða þessara gróðrarskálær hefir verið falin mönnum, sem enga sérþekkingu hafa í þeim efnum. Mörg mistök hafa því orðið, sem eðlilegt er. Ýmiskonar jurtasjúkdómar hafa náð róffestu í gróðrarskálunum og valdið miklu tjóni, og fleira mætti nefna, sem verður eigi gert að umtalsefni.

Hinsvegar myndar gróðrarskálærækt, og þá sérstaklega við hverahita, nýtt tímabil í garðyrkju vorri. Í gróðrarskálunum er mögulegt að rækta, eigi aðeins blóm, heldur og ýmiskonar matjurtir og jafnvel suðræn aldini, svo og að ala þar upp plöntur, sem síðar eru settar út í garða.

Á þennan hátt höfum vér möguleika til að fullnægja vorri eigin þörf með garðávexti, og ef til vill væru möguleikar til útflutnings með vissar tegundir. Nýjar uppgötvanir í þessum efnum eru og að koma til sögunnar, en það eru þær, að rafmagnsljós, með sérstökum útbúnaði, geti komið í stað sólarljóssins, og

mætti því í skammdeginu rækta hér í gróðrarskálum sem um sumar. En það má eigi gleymast, að þetta er eigi neinn barnaleikur. Aðeins með nákvæmum tilraunum og athugunum getum vér náð þessu takmarki, svo að gagni verði. Ríkið verður að vera hér brautryðjandi.

Vér höfum enn sem komið er engan garðyrkjuskóla, en brún þörf á að auka hér garðyrkjuna og þekking á henni. Á Reykjum er búið að gera undirbúning, sem mætti koma að notum til að stofnaður yrði þar garðyrkjuskóli. Gróðrarskólar hafa þar verið byggðir og húsnæði, svo litlu þyrfti við að hæta, svo garðyrkjuskóla væri hægt að koma þar á fót. Vér hugsum oss, að á skóla þessum væri 6—7 mánaða námsskeið verklegt og bóklegt og kenning í öllum fræðum, er til heyrna gróðrarskólarækt, vermireitum og útgarðyrkju. Í sambandi við skólann væri lítið kúabú, 6—8 kýr, því búfjáraburð verður að hafa til umráða við garðyrkjuna. Allt land, sem skólinn þarf til umráða, væri hæfilegt 8—10 ha.

Í sambandi við skóla þennan ætti svo að gera ýmiskonar tilraunir með ræktun í gróðrarskálum og úti. Ef góðir og áhugasamir menn yrðu settir til að standa fyrir skóla þessum og tilraunum, hyggjum vér, að mikið gott mætti af því leiða.

Ef stjórnarvöldin sjá sér eigi þessa leið færa, hyggjum vér heppilegast, að gróðrarskálarnir og garðyrkjulandið yrði leigt.

**Spítalar.** Með spítalarekstur er byrjað á Reykjum. Læknanna er að dæma um það, hverjir möguleikar séu hér fyrir höndum. Veðráttufar og jarðskjálftahætta virðist vera hér nokkur hindrun. Þá ákveðið er, hvert stefna eigi í þessum málum, þarf að ákveða svæði, þar sem spítalarnir eigi að standa, og hve mikið hita- og hitaþörf þurfi til umráða.

**Sumarbústaðir.** Ef til stofnunar nýbýla kæmi, myndu þau aðallega liggja fyrir neðan Reyki. Landið fyrir ofan Reyki og í dölunum væri hinsvegar vel fallið til sumarhúsa. Um hásumarið er veðráttu oft sátt og hið hreina fjallaloft og göngutúrar upp um fjöllin myndu hafa hressandi áhrif. Land til sumarhúsa mætti leigja með því skilyrði, að það yrði látið af hendi, ef ríkið þyrfti á því að halda til einhverskonar rekstrar. Leiga á landi til sumarhúsa gæti gefið töluverðar tekjur.

**Hótel eða gistihús.** Til mála gæti komið, að byggð yrðu hótél eða gistihús á Reykjum. Hið breytilega landslag og hveramyndanir myndi draga marga þangað, einkum útlendinga. Aðallega yrði þá hér um sumarhótel að ræða, en á vetrinum væri gott að hafa hér gistihús svo nærri heiðinni.

**Aflnotkun hveranna.** Áður er á það minnst, að líkur séu til, að mikill jarðhiti leynist í landi Reykjatorfunnar og að með borunum sé hægt að leiða þetta í ljós. Ef hér væri um mikinn hita og gufubrýsting að ræða, gæti hér komið til mála aflframleiðsla. Sagt er, að virkjun jarðhitans á þennan hátt sé hlutfallslega ódýr. Í bréfi stjórnarráðsins á Nýja-Sjálandi, dags. 23. júní síðastl., gefa þeir meðal annars þessar upplýsingar:

„Við höfum haft talsverð bréfaskipti við Ginori Conti fursta, sem virkjað hefir hina frægu gufuhveru í Toskana á Ítalíu. Síðan í byrjun níttjándu aldar hafa þessir gufuhverir verið mikið notaðir til framleiðslu hórσύru, sem er í gufunni eins og hún kemur upp úr jörðinni. Gufubrunna til aflframleiðslu var

byrjað að bora árið 1905, með svo góðum áraugri, að hina núverandi stöð í Larderello, sem verið hefir í notkun síðan 1916 og framleiðir rafmagn handa verksmiðjum í grenndinni og sömuleiðis til notkunar í borgunum Siena, Piombino og Livorno, er nú verið að stækka, svo að unnt verði að knýja járnbrautarlestirnar með rafmagni. Eins og stendur framleiðir hún meira en 1400 kilóvött.

Í rauninni standa sakirnar nú þannig, að af gufunni er ofurgnægð, en nauðsynlegar vélar skortir til þess að beizla hana. En áformað er að nota gufuaflið úr þremur hinna nýju hvera, sem boraðir hafa verið, til þess að framleiða nálægt 20000 kilóvött til rafmagnsrekstrar á járnbrautunum milli Firenze og Róma-borgar.

Í Kaliforníu í Bandaríkjunum hefir jarðhitasvæðið í St. Helena-héraðinu verið notað síðan 1921. Hitinn á þessu svæði er litilfjörlegur á yfirborðinu, því flestar sjálfgerðu holurnar geta ekki kallast annað en gas-vætlur, þó að jarðhitinn kunnir að vera 208 til 210 stig (Fahrenheit). Boranir, sem gerðar hafa verið síðan 1921, benda til þess, að fá megi gufuþrýsting, sem sé jafnvei meiri en á jarðhitasvæðinu í Toskana. Þessar borholur eru nú sem stendur notaðar til að framleiða yfir 10000 kilóvött handa héruðunum í grenndinni.“

Þetta mál er mjög athyglisvert og nákvæmrar rannsóknar.

**Verksmiðjurekstur.** Ef um aflframleiðslu væri að ræða, gæti í sambandi við það komið til greina ýmiskonar iðnaður. Út í þá sálma skal þó eigi farið að svo komnu máli.

**Landaukning.** Það hefir þegar verið sýnt fram á, að á Reykjatorfunni er ærið verkefni óunnið, sem kostar mikið fé, ef til framkvæmda kemur. En hinsvegar getur komið til mála, að ríkið kaupi ný svæði, til að tryggja sér að hafa meiri umráð á jarðhita, í þeirri von, að það með tíð og tíma verði til hagsældar fyrir land og lýð.

Hér skal bent á nokkur hitasvæði:

**Ekrubarð** heitir landspilda, sem liggur austan Varmár, neðan Reykjafoss. Þar er Fosshver og önnur laug allmikil. Þessi landspilda liggur í Reykjalandi, en var að síðustu undanskilin, þá kaupin á Reykjatorfunni voru fullgerð.

**Fagríhvammur** heitir nýbýli það, er ég undirritaður hefi látið reisa vestan Varmár gegn Reykjum. Býlið á lítið land vestan árinna. Það er grýtt (hraun) og erfitt til ræktunar. Þar er jarðhiti og hver. Til þess að lífvænlegt gæti orðið á býlinu, þurfti það að fá meira land til umráða. Fyrrverandi ráðherra (J. J.) hafði lofað mér spildu úr Reykjalandi, en það drógst á langinn. Eftirmaður hans (M. G.) leigði mér á erfðafestu 4,65 ha. Í landinu eru engir hverir né laugar. Þetta er um 1/100 hluti hins ræktanlega lands Reykjatorfunnar. Kjörin eru venjuleg erfðafestukjör samkvæmt jarðræktarlögunum.

Spilda þessi heyrir nú nýbýlinu Fagrahvammi til, og ef hún væri tekin frá því, yrði þar vart lífvænlegt. Ef um eignarnám eða sölu væri að ræða, væri réttmætt að taka allt nýbýlið Fagrahvamm.

Umbætur á býlinu eru nú þegar nokkrar. Ræktað land um 5 ha. Meðal annars standa þar um 20000 trjáplöntur og mikið af ýmiskonar blómum. Íbúðarbús, penings- og geymsluhús hafa verið reist og gróðrarskálar, sem að flatar-



máli eru um 400 m<sup>2</sup>. Allt þetta hefir kostað allmikið fé, sem ríkið yrði þá að endurgreiða, ef til eignarnáms kæmi.

Ástæðan til, að ég hefi látið reisa þetta býli, er sú, að á sextugsafmæli minnu sýndu bændur og aðrir mér mikinn sóma, gáfu mér meðal annars töluvert fé. Þessu fé hefir verið varið til umbóta á býlinu, í þeirri von, að þar gæti eitthvað gróið, sem til framtíðar borfði. Trjágróðurinn þar sýnir, að þetta lánast.

#### Á ríkið að kaupa ný hitasvæði?

Í sambandi við kaupin á Reykjatorfunni vaknar sú spurning, hvort réttmætt sé, að ríkið kaupi ný hitasvæði, því vitanlegt er, að viðsvegar um land liggja mikil hitasvæði, og sem myndi nú vera hægt að kaupa ódýrara verði en raun hefir á orðið á Reykjum. Í jörðum í kringum Reykjatorfuna er víða jarðhiti, svo sem á Vorsabæ og víðar. Þá á Mjólkurbú Ölfusinga mikið og gott hitasvæði. Þá er Grýla og hinir mörgu og miklu hverir í kringum Hengilinn, og svo mætti halda áfram að telja, því alls eru talin á landinu 65 hitasvæði og þar að auki fjöldi einstakra lauga.

Hvað, að síðustu, lagafrumvarpi um yfirstjórn nokkurra rikiseigna í Ölfusi viðvikur, þá virðist mér það vera hvorki heilt né hálf. Einhverri sjúkráhusnefnd á að fela yfirstjórn jarðeignanna í Ölfusi — oss skilst, að það sé sú nefnd, sem á að hafa yfirumsjón allra sjúkráhusa og heilbrigðisstofnana á landinu, og ráðherra skipar —. Brátt gæti því orðið um nefndarmenn, ef stjórnarskipti eru tíð. Og svo á leyfi Alþingis að koma til, ef einhver gerist svo djarfur að hiðja um einhver jarðarafnot á þessum dýrmætu eignum, sem nú eru að mestu ónotaðar.

Þá á að taka þessa spildu (1/100 hluta af ræktanlegu landi Reykjatorfunnar) eignarnámi. Sú viðsýni, sanngirni og velvilji, sem kemur fram í þessari hugsjón, er dæmefá.

Nei, ef semja á lög um Reykjatorfuna, þurfa þau að vera viðtækari. Rannsóknir á möguleikunum þurfa fyrst og fremst að fara fram. Um ræktunarmálin þurfa að fjalla búfræðingar og garðyrkjumenn, sem vit hafa á þeim málum. Um hitarannsóknir og boranir, svo og aflframleiðslu, þurfa að fjalla verkfræðingar, sem eru fróðir í þeim efnum. Um spitalamálin er læknanna að segja.

Að skipa einhverja pólitíska nefnd, af fáfróðum mönnum í þeim efnum, sem um er að ræða, hyggjum vér eigi ráðlegt.

Reykjavík, 3. nóv. 1934.

S. Sigurðsson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.